



Fundur háskólaráðs 15. nóvember 2007

Fundargerð

Málsnúmer: HI07010035
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Margrét Ludwig
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 08.11.2007
Dags: 15.11.2007

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (690169-2039)
Aðalbyggingu v/Suðurgötu
101 Reykjavík
Sími: 525 4000
Fax: 552 1331

15/2007

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2007, fimmtudaginn 15. nóvember var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir, Erna Kristín Blöndal, Helgi Þorbergsson, Inga Jóna Þórðardóttir, Ólafur Þ. Harðarson, Rúnar Vilhjálmsson, Valgerður Bjarnadóttir, Yngvi Eiríksson (varamaður Þóris Hrafns Gunnarssonar) og Þórdís Kristmundsdóttir. Fundargerð ritaði Halldór Jónsson.

Áður en gengið var til dagskrár bauð rektor nýjan fulltrúa þjóðlífs, Valgerði Bjarnadóttur, viðskiptafræðing og sviðsstjóra innkaupa- og vörustjórnunarsviðs á Landspítala, velkomna til starfa í háskólaráði.

Rektor gerði grein fyrir fundarsköpum í tengslum við fundargerð síðasta fundar. Rúnar Vilhjálmsson, fulltrúi Félags háskólakennara og Félags prófessora, óskaði í kjölfar síðasta fundar eftir því að skjal með athugasemdum um lokatillögur um endurskoðað skipulag og stjórnkerfi Háskóla Íslands, sem hann greindi frá og gerði munnlega grein fyrir á fundinum, yrði bókað í fundargerð. Að mati rektors og annarra sem til máls tóku er ekki unnt að bóka skjöl sem hvorki hefur verið dreift til fundarmanna né hafa verið lesin orðrétt upp fyrir fundarmenn. Rektor bauð Rúnari að boða til framhaldsfundar þar sem umrædd greinargerð yrði lögð fram og öðrum ráðsmönnum gefinn kostur á að tjá sig um hana áður en gengið yrði frá fundargerð. Rúnar tók undir að óheppilegt hefði verið að hann skyldi ekki hafa dreift greinargerðinni til fundarmanna en taldi ekki ástæðu til að halda framhaldsfund.

Fundargerð síðasta fundar lögð fram og hún samþykkt.

1. Mál á dagskrá

1.1 Stefna Háskóla Íslands 2006-2011: Endurskoðað skipulag og stjórnkerfi Háskóla Íslands. Staða mála.

Rektor greindi frá því að í kjölfar síðasta fundar háskólaráðs hafi verið settir á laggirnar fimm starfshópar, einn fyrir hvert fræðasvið samkvæmt lokatillögum um endurskoðað skipulag og stjórnkerfi Háskóla Íslands. Hóparnir hafa það hlutverk að gera tillögur um skiptingu fræðasviðanna í deildir ásamt því að leggja fram hugmyndir um verkefni og skipulag stjórnsýslu og stoðþjónustu á vettvangi sviðanna fyrir 1. desember nk. Rektor gerði grein fyrir stöðu mála í hverjum starfshópi fyrir sig. Þá greindi rektor frá viðræðum við menntamálaráðuneytið um nauðsynlegar lagabreytingar svo unnt verði að setja fræðasviðin á stofn og ráða forseta þeirra.

1.2 Fjármál Háskóla Íslands.

Rektor gerði grein fyrir vinnu starfshóps um skiptingu viðbótarfjár vegna samnings við menntamálaráðuneytið og dreifði tillögum hópsins. Í starfshópnum eru Jón Atli Benediktsson, þróunarstjóri og aðstoðarmaður rektors, formaður, Guðmundur R. Jónsson, sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs og formaður fjármálanefndar háskólaráðs, Gylfi Zoëga prófessor, Róbert H. Haraldsson dósent og Þórdís Kristmundsdóttir prófessor. Með hópnum starfa Sigurður J. Hafsteinsson, sviðsstjóri fjármálasviðs og Snjólfur Ólafsson prófessor og formaður starfshóps um framkvæmd stefnu Háskóla Íslands 2006-2011. Inn á fundinn komu Sigurður J. Hafsteinsson og Róbert H. Haraldsson og gerðu ítarlega grein fyrir tillögum starfshópsins. Tillögurnar grundvallast á stefnu Háskóla Íslands til ársins 2011 og afkastatengdum samningi við menntamálaráðuneytið sem undirritaður var 11. janúar 2007. Málið var rætt ítarlega. Í umræðunni var m.a. fjallað um það að hve miklu leyti skuli taka tillit til fjölda nemenda og eðlis rannsókna og kennslu á mismunandi fræðasviðum við útteilingu fjár vegna stoðþjónustu. Þá komu fram sjónarmið um að skoða þurfi betur vissa þætti í tillögunum svo sem samskipti við erlenda háskóla, þjóðlegar greinar, aukna afkastatengingu, starf Háskólans á landsbyggðinni, umbun fyrir birtingu rannsóknaniðurstaðna í völdum tímaritum og aðgerðir til að auka þverfaglega samvinnu innan fræðasviða og á milli þeirra. Róbert svaraði framkomnum spurningum og athugasemdum. Rektor þakkaði góðar ábendingar ráðsmanna og þeim Róbert og Sigurði fyrir kynninguna á fundinum og hópnum öllum fyrir greinargóðar og vel rökstuddar tillögur.

Rektor vék því næst að nokkrum atriðum sem lúta að fjármálum Háskólans og lagði til að fjármálanefnd, ásamt Guðmundi Ragnarssyni, fjármálastjóra Kennaraháskóla Íslands, verði falið að halda áfram endurskoðun á deililíkani sem unnið hefur verið að. Tillögum verði skilað fyrir 15. febrúar nk.
– Samþykkt einróma.

Rektor greindi frá því að enn er beðið eftir niðurstöðu úr endurskoðun menntamálaráðuneytisins á núverandi reiknilíkani og verður óskað eftir því að þeirri vinnu verði hraðað. Þá ræddi rektor um samkeppnisstöðu og framtíðarfjármögnun Háskólans.

– Rektor falið að koma á fót ráðgjafahópi sem skipaður verður sérfræðingum á sviði stjórnunar, reksturs og lögræði til að kanna leiðir til aukins sveigjanleika í rekstri Háskólans innan ramma laga sem gilda um ríkisháskóla.

2. Erindi til háskólaráðs

2.1 Innri endurskoðun Háskóla Íslands: Tillaga að erindisbréfi fyrir innri endurskoðun Háskóla Íslands ásamt drögum að endurskoðunaráætlun fyrir 2008.

Rektor gerði grein fyrir málinu og rifjaði upp aðdraganda þess að Háskólinn réð innri endurskoðanda í kjölfar úttektar Ríkisendurskoðunar. Þá kynnti rektor drög að erindisbréfi fyrir innri endurskoðun Háskóla Íslands sem stefnt er að því að afgreiða á næsta fundi.

Inn á fundinn kom Gunnlaugur H. Jónsson, innri endurskoðandi Háskóla Íslands og gerði grein fyrir ferð sinni til Svíþjóðar þar sem hann kynnti sér starfsemi innri endurskoðunar í háskólum. Þá gerði hann grein fyrir drögum að endurskoðunaráætlun fyrir árið 2008 og ræddi sérstaklega þær forsendur sem endurskoðunaráætlanir byggja almennt á og það verklag sem liggur að baki slíkum áætlunum. Málið var rætt ítarlega og svaraði Gunnlaugur fyrirspurnum fundarmanna. Fram kom m.a. að innri endurskoðun er ætlað að vinna náið með háskólaráði.

– Stefnt er að því að erindisbréf og endurskoðunaráætlun fyrir 2008 verði afgreidd á næsta fundi.

2.2 Stjórnir, nefndir og ráð.

a) Stjórn Siðfræðistofnunar til næstu þriggja ára, sbr. 4. gr. reglna nr. 737/2001.

Rektor gerði grein fyrir málinu og bar upp tillögu um að stjórn Siðfræðistofnunar verði skipuð eftirtöldum einstaklingum á tímabilinu 2007-2010:

Ástríði Stefánsdóttur dósent, tilnefndri af KHÍ,
Haraldi Briem dósent, skipuðum án tilnefningar,
sr. Irmu Sjöfn Óskarsdóttur, tilnefndri af kirkjuráði Þjóðkirkjunnar,
Sólveigu Önnu Bóasdóttur dr. theol., tilnefndri af guðfræðideild,
Vilhjálmí Árnasyni prófessor, tilnefndum af hugvísindadeild.

– Samþykkt einróma.

b) Tilnefning fulltrúa Háskóla Íslands í stjórn lífsýnabanka Krabbameinsfélags Íslands, skv. 2. gr. reglna um lífsýnabanka Krabbameinsfélagsins og 6. gr. laga nr. 110/2000 um skipan stjórna lífsýnasafna.

Rektor gerði grein fyrir málinu og bar upp tillögu um að Jórunn Erla Eyfjörð prófessor verði fulltrúi Háskóla Íslands í stjórn lífsýnabanka Krabbameinsfélags Íslands.

– Samþykkt einróma.

c) Stjórn Happpdrættis Háskóla Íslands 2008, skv. 3. gr. reglugerðar nr. 348/1976.

Rektor gerði grein fyrir málinu og lagði til að stjórn Happpdrættis Háskóla Íslands verði skipuð eftirtöldum einstaklingum til loka ársins 2008:

Eyvindi G. Gunnarssyni, lektor við lagadeild,
Ebbu Þóru Hvanberg, prófessor við verkfræðideild,
Óskari Magnússyni hrl.

– Samþykkt samhljóða, en Helgi Þorbergsson, fulltrúi verk- og raunvísindasviðs sat hjá við afgreiðslu málsins.

2.3 Tillögur að breytingum á reglum og að nýjum reglum:

a) Tillaga frá hjúkrunarfræðideild um breytt inntökuskilyrði í deildina.

Rektor gerði grein fyrir málinu.

– Samþykkt einróma.

b) Tillaga frá Samráðsnefnd um kjaramál um breytingu á reglum um vinnumatssjóð Félags háskólakennara ásamt tillögu að skipun fulltrúa í áfrýjunarnefnd um vinnumat.

Rektor gerði grein fyrir málinu. Um er að ræða breytingu á ákvæði um skipun áfrýjunarnefndar, sbr. minnisblað frá Samráðsnefnd um kjaramál. Lagt er til að áfrýjunarnefnd verði skipuð eftirtöldum einstaklingum:

Eddu Magnúsdóttur, fyrrv. starfsmannastjóra,
Jóhannesi R. Sveinssyni, dósent við verkfræðideild,
Róbert H. Haraldssyni, dósent við hugvísindadeild.

– Samþykkt samhljóða. Helgi Þorbergsson, fulltrúi verk- og raunvísindasviðs, sat hjá við afgreiðslu málsins.

2.4 Samningur Háskóla Íslands og dr. Björns Birnir um gestaprófessorsstöðu, sbr. lið 2.10 í verklagsreglum um akademísk gestastörf við Háskóla Íslands.

Rektor gerði grein fyrir málinu.

– Samþykkt einróma.

3. Mál til fróðleiks

- 3.1 Samstarfssamningur RES School for Renewable Energy Science, Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands, undirritaður 12. október 2007.**
- 3.2 Umsögn Háskóla Íslands um drög að frumvarpi til laga um brottfall laga nr. 25/1921 um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks.**
- 3.3 Úthlutun úr Aðstoðarmannasjóði Háskóla Íslands vegna haustmísseris 2007.**
- 3.4 Könnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna, apríl og október 2007. (Sjá nánar <http://www.fjarmalaraduneyti.is/starfsmenn-rikisins/almennt/konnun/>)**

Fleira var ekki gert.
Fundi slitið kl. 16.10.